

Mál nr. 278/2018**M og
vátryggingafélagið V vegna ökutækisins A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 06.09.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 28.09.2018.

Málsatvik.

Málsatvik voru á þá leið að K var gangandi vegfarandi í Austurstræti þann 31 ágúst 2017 þegar hann gekk framhjá ökutækinu A og átti í orðaskaki við ökumanninn sökum þess að K taldi A lagt ólöglega. Þegar ökumaður A bakkar svo lendir hann á K sem dettur við fallið og slasast. K hafnar því að hafa fært sig í veg fyrir A þegar það byrjaði að bakka. Hann hafi þvert á móti haldið áfram göngu sinni og hafi sú leið legið fyrir aftan A. Það geti ekki talist til stórkostlegs gáleysis. Þá telur K vitni að atburðinum óreiðanlegt og telur það hafa verið undir áhrifum áfengis þegar atvikið átti sér stað.

V telur K hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og telur hann eiga að bera 1/3 hluta sakar þar sem hann hafi gengið fyrir aftan A.

K telur einnig að dráttur á tilkynningu V valdi því að félagið geti ekki borið fyrir sig bótaskerðingu. Í bréfi K kemur fram að hann hafi sent V lögregluskýrslu í desember 2017 en afstaða V hafi ekki verið tekin fyrr en með bréfi dags. 20. júlí 2018. Afstaða V byggist hins vegar alfarið á lögregluskýrslunni og hafi félaginu því verið kunnugt um atvik þegar það fékk hana.

K vísar til úrskurðar í máli nr. 196/2013 þar sem vátryggingafélag var talið hafa glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun þar sem það hafði ekki sent tilkynningu án ástæðulauss dráttar um að það ætlaði að skerða bætur.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt framburði ökumanns hafi K gengið aftur fyrir A og þá hafi hann ekki lengur séð hann í baksýnisspeglinum. Vitni hafi verið að atvikinu og samkvæmt framburði hans í lögregluskýrslu hafi það séð K standa fyrir aftan A og þegar það byrjaði að bakka hafi K fært sig í veg fyrir það. V telur því sannað að K hafi gengið í veg fyrir A og þannig sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá bendi ekkert til þess að vitnið hafi verið undir áhrifum áfengis né sé það stutt neinum gögnum.

V hafnar því að ástæðulaus dráttur hafi orðið á tilkynningu þess um ábyrgðartakmörkun skv. 31. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga. Í máli þessu byggist takmörkun ábyrgðar á 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga en ekki takmörkun skv. lögum um vátryggingarsamninga. V hafi ekki getað tekið afstöðu til bótaskyldu fyrr en öll gögn lágu fyrir í málinu og læknisfræðileg gögn hafi borist 18. júní 2018.

Álit.

Í 31. og 52. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, eru ákvæði um tilkynningarskyldu félags ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð. Sú takmörkun tekur til vátryggingartaka eða vátryggðs vegna skaða- eða persónuþryggingar og eiga þau ákvæði því ekki við í þessu máli. Ágreiningur þessa máls fellur undir lögmæltu ökutækjetryggingu vegna ökutækisins A, sbr. XIII. kafla, umferðarlaga nr. 50/1987 um fébætur og vátryggingu.

Framburði aðila málsins um atvik málsins ber ekki saman. Af lögregluskýrslu má ráða að K hafi ekki gætt eðlilegrar varúðar þegar hann gekk aftur fyrir A þar sem fyrir liggur framburður vitnis um að K hafi fært sig í veg fyrir A þegar ökumaður byrjaði að bakka. Engin gögn eru í málinu um að vitnið hafi verið í undir áhrifum áfengis. Með vísan til framangreinds telst sú háttsemi K að ganga í veg fyrir A stórkostlegt gáleysi skv. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga og skal hann bera 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

K skal bera 1/3 hluta sakar vegna skaðabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon, lögm.